



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 25. mars 2025
25032767/100.00 ÁK

Efni: Kjarasamningar kennara og áhrif á fjárhagsáætlun bæjarins

Í bæjarráði 6. mars sl. var lagt fram minnisblað frá bærarstjóra vegna nýrra kjarasamninga Kennarasambands Íslands við Samband íslenskra sveitarfélaga. Kjarasamningarnir, sem eru til þriggja ára, hafa í för með sér hækkun launa á tímabilinu um 24,5%, sem er verulega umfram aðra kjarasamninga og umfram launa- og fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2025.

Áætluð áhrif kjarasamninganna á bæjarsjóð vegna leik- og grunnskólakennara fyrir árið 2025 eru um 1.217 m.kr. eða 470 m.kr. umfram það sem fjárhagsáætlun ársins 2025 kveður á um. Á ársgrundvelli eru þessar hækkanir metnar 570 m.kr. og á samningstímabilinu eru áætluð heildaráhrif kr. 1.380 m.kr. að öðru óbreyttu. Til viðbótar er gert ráð fyrir að framlög vegna Tónlistarskóla og sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla aukist um rúmlega 100 m.kr. Á móti þessum kostnaðarhækkunum má gera ráð fyrir að um 90 m.kr. komi í formi hærri útsvarstekna vegna launahækkana kennara.

Nauðsynlegt er að bregðast við þeim umframkostnaði sem samningarnir leiða af sér og ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2025. Til þess að ná því markmiði var rýnt í rekstur sveitarfélagsins í heild og leiðir útfærðar til að hagræða í rekstri án þess að koma niður á þjónustu við bæjarbúa. Neðangreind samantekt á hagræðingartillögum þvert á svið bæjarins. Tillögurnar eru unnar í samráði við skrifstofu áhættu- og fjárstýringar. Gert er ráð fyrir að neðangreindar aðgerðir komi til lækkunar á viðkomandi liðum í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar og koma þannig til móts við ofangreinda hækkun kjarasamninga í leik- og grunnskólum.

<u>Tillögur aðgerða</u>	<u>Árið 2025</u>	<u>Á árs grundvelli</u>
Hagræðingar:		
Skipulagsbreytingar	60.000.000	101.200.000
Launakostnaður	182.000.000	189.000.000
Rekstur stofnana	114.400.000	114.400.000
Aðkeypt þjónusta	45.000.000	45.000.000
Aðrar aðgerðir:		
Styrkir og tekjur	16.750.000	16.750.000
Aðrar breytingar	212.100.000	212.100.000
Samtals	630.250.000	678.450.000



Skipulagsbreytingar

Í bærarstjórn þann 25. febrúar s.l. voru samþykktar skipulagsbreytingar í stjórnsýslu bæjarins. Í þeim breytingum lækkar launakostnaður um rúmlega 100 milljónir á ári meðal annars vegna fækkunar stöðugilda. Áhrifin koma að hluta til fram á yfirstandandi ári en að fullu á komandi ári.

Launakostnaður

Lagt er til að starfshlutfall bærarfulltrúa verði lækkað úr 28,05% í 25,25%, starfshlutfall bæjarráðsfulltrúa verði lækkað úr 30% í 27%, starfshlutfall ráðsfulltrúa verði lækkað úr 7,5% í 6,75% og nefndarfulltrúa verði lækkað úr 4,5% í 4,05%.

Í samræmi við breytingar á launum bærarfulltrúa verða laun bærarstjóra lækkuð og verður útfært þannig að þóknun fyrir setu í bærarstjórn verður skilin frá launum bærarstjóra. Þannig verður greitt fyrir störf bærarstjóra annars vegar og sé bærarstjóri jafnframt bærarfulltrúi fær hann hins vegar þóknun fyrir þau störf til samræmis við aðra bærarfulltrúa.

Samhliða er lögð til launafrysting á lykilstjórnendum bæjarins út árið 2025 og að frá og með árinu 2026 fylgi laun bærarstjóra, lykilstjórnenda, bærarfulltrúa auk nefnda- og ráðsfulltrúa þróun þingfararkaups.

Þá er lagt til að endurráðningar í störf stjórnsýslunnar verði ekki heimilaðar nema með rökstuðningi og samþykki mannauðs- eða bærarstjóra.

Launaáætlun leikskóla er endurskoðuð og áætluð yfirvinna lækkuð m.t.t. þeirra breytinga sem orðið hafa í starfsumhverfi leikskóla með Kópavogsmódelinu. Launaáætlun grunnskóla er endurskoðuð til lækkunar m.t.t. fækkunar nemenda milli skólaára. Einnig er lögð til endurskoðun á reglum um ökutækjastyrki starfsmanna og að umfang sumarstarfa verði minna en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Rekstur stofnana

Gert er ráð fyrir lækkun í rekstrarkostnaði stofnana, m.a. með aukinni LED væðingu sem dregur úr rafmagnskostnaði. Breytingar verða á rekstri netkerfa sem lækkar rekstrarkostnað, auk þess sem hætt verður með Workplace á árinu. Á árinu 2025 verður kortlagt áfram hvort frekari tækifæri séu til hagræðingar á hugbúnaðakaupum bæjarins. Opnunartími sundlauga verður endurskoðaður á frídögum (sk. rauðum dögum) þannig að aðeins önnur sundlaugin verður opin. Þá verður þak sett á prentun sviða og skrifstofa til að draga úr prentkostnaði bæjarins. Lagt er til að skoða sölu eigna með möguleika á samnýtingu starfstöðva sem lækkar rekstrarkostnað bæjarins.

Aðkeypt þjónusta

Gert er ráð fyrir að dregið verði úr ýmis konar aðkeyptri þjónustu þvert á svið og skrifstofur bæjarins.



Styrkir og tekjur

Lagt er til að styrkir bæjarráðs verða lækkaðir. Áætlun vegna frístundastyrkja er endurskoðuð til lækkunar til samræmis við uppfærða spá um fjölda styrkþega árið 2025. Einnig er gert ráð fyrir auknum tekjum vegna sumarnámskeiða og fjölgunar leigutíma í íþróttamannvirkum.

Aðrar breytingar

Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur og framlög ríkissjóðs, þar á meðal úr Jöfnunarsjóði, verði umfram áætlun 2025 sem koma til móts við væntar kostnaðarhækkanir vegna kjarasamninga.

Viðauki vegna ofangreindra aðgerða verður lagður fyrir bæjarráð 3. apríl n.k.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri

